# ÁRSSKÝRSLA 2024



HEF VEITUR

# Efnisyfirlit


1. Ávarp formanns og framkvæmdastjóra .......................... 3
2. Stefnumótun & gildi ........................................................ 11
3. Fjármál ............................................................................. 14
    • Rekstrarreikningur
    • Eignir og eigið fé
    • Sjóðstreymi
4. Starfsemin ........................................................................ 19
    • Tölulegar upplýsingar úr rekstri
    • Yfirtaka HEF á fjarvarmaveitunni á Seyðisfirði
    • Samstarf og miðlun
    • Mannauður
    • Framkvæmdir í höfuðstöðvum
5. Verkefnin .......................................................................... 29
    • Djúpivogur
    • Seyðisfjörður
    • Borgarfjörður
    • Egilsstaðir
    • Fljótsdalshérað
6. Ársreikningur KPMG ....................................................... 45




1

# Ávarp formanns og framkvæmdastjóra



Ágústa Björnsdóttir
formaður stjórnar



Aðalsteinn Þórhallsson
framkvæmdastjóri

## Öflugri innviðir fyrir komandi kynslóðir

HEF veitur standa á tímamótum þar sem stórar fjárfestingar og metnaðarfull verkefni móta framtíð félagsins. Árið 2024 var tími undirbúnings og stefnumótunar, en framundan eru framkvæmdir sem munu styrkja innviði samfélagsins í Múlaþingi til langs tíma. Þar má nefna átak í jarðhitaleit á Búlandsnesi við þéttbýlið á Djúpavogi og byggingu nýrrar hreinsistöðvar fráveitu á Melshorni sem þjóna mun Egilsstöðum og Fellabæ. Yfirtaka fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar mun einnig efla félagið og styðja uppbyggingu annarra veituinnviða þar á bæ.

Samhliða því heldur félagið áfram að leita leiða til að tryggja hagkvæmni og stöðugleika í veitukerfunum, með skýra framtíðarsýn að leiðarljósi. Félagið er meðvitað um áskoranir á fjármálamarkaði en stefnir að því að tryggja langtímahagkvæmni og vandaða innviðauppbyggingu sem mun nýtast komandi kynslóðum.

## Stefnur og straumar

Umræða hefur orðið af og til nokkur undanfarin ár um þörf á eigandastefnu fyrir félagið. Á haustdögum 2024 var skipaður hópur um gerð eigandastefnu fyrir félagið. Með liðsinni lögmanns sveitarfélagsins var tillaga gerð og hún samþykkt á fundi Sveitarstjórnar Múlaþings, eiganda félagsins, í febrúar 2025. Í kjölfarið hafa samþykktir félagsins verið yfirfarnar og fyrir liggur að reglugerð um hitaveitu félagsins fái yfirhalningu.

Í kjölfar eigandastefnunnar fól stjórn félagsins verkefnastjóra að boða til fundar til að setja gildi og stefnu félagsins. Það gekk hratt og vel fyrir sig, tveir fulltrúar stjórnar og fjórir úr starfsmannahópnum funduðu í febrúar 2025. Tillögur hópsins voru kynntar á stjórnarfundi 11. mars og er útkomuna að finna aftar í ársskýrslunni.

## Viðvarandi vöxtur

Rekstur félagsins er, líkt og mörg undanfarin ár, í ágætu jafnvægi og hefur vöxtur verið hóflegur og stöðugur. Árið 2024 er í ágætum takti við það. Fjárfestingar ársins voru nokkuð minni en ætlað var, en þar munar mest um tafir við hönnun og undirbúning framkvæmda við skólphreinsistöð á Melshorni á Egilsstöðum.

Áætlanir um fjárfestingar hafa ekki raungerst nokkur undanfarin ár. Kemur þar ýmislegt til; óvissa um þróun regluverks um fráveitu, árangur og framvinda jarðhitaleitar og ekki síst ástand á fjármálamarkaði og hátt vaxtastig. Því hefur félagið haldið að sér höndum í fjárfestingum og langtíma fjármögnun í von um vænlegri tíð.

Þróun og þroski félagsins hefur verið á mikilli siglingu. Eftir sameiningu í Múlaþing hafa verkefni vaxið mikið og ekki útlit fyrir að lát verði á næstu árin. Viðhaldsþörf í eldri hlutum veitukerfa í minni kjörnunum er tilfinnanleg og mikilvægt að ráðrúm gefist til endurnýjunar.

## Fjárfestingar

Á árinu var unnið að lengingu götu, Jörfa, á Borgarfirði eystri. Stórt skref var stigið í fráveitu á Djúpavogi, þegar lítil hreinsistöð var gangsett á haustdögum. Rágert er að allt þorpið tengist hreinsistöðinni á næstu árum til mikilla bóta fyrir umhverfið. Á Djúpavogi var mikill kraftur settur í endurnýjun vatnstöku í Búlandsdal en tæknileg vandamál urðu til þess að ekki tókst að virkja nýju vatnsholurnar tvær fyrir árslok. Lagfæring er í vinnslu. Á Djúpavogi varð einnig framhald á jarðhitaleit, sem miðar að því að nýta jarðhitavatn til kyndingar á Djúpavogi. Verkefnið hefur notið mikilvægs styrks Orkusjóðs, en árangur er enn ekki nægur. Áfram er þó haldið.

Götulagnir voru endurnýjaðar í Dynskógum á Egilsstöðum, samhliða endurnýjun Múlaþings á yfirborði götunnar.



Á skrifstofunni: Embla Rán Gísladóttir og Fjóla Sigurðardóttir.

Fullnaðarhönnun fyrsta áfanga hreinsivirkis á Melshorni, Egilsstöðum, var boðin út. Hönnunarvinna hófst á haustmánuðum og er áformað að bjóða framkvæmdina út um komandi páska.

Á Seyðisfirði var lokið við annan áfanga endurnýjunar stofnlagnar vatnsveitu neðan Gilsbakkahverfis.

## Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar

Enn var fundað um fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar í upphafi ársins 2024 en ekkert þokaðist fyrr en á haustdögum, í kjölfar þess að Orkubú Vestfjarða samdi um trygga raforku til fjarvarmaveitna sinna. Í framhaldi af því samdi Orkusalan um sambærileg kjör á raforku til veitunnar á Seyðisfirði. Þar með var orðin forsenda til að halda áfram samtali um

framsal veitunnar til HEF. Í desember hyllti undir að samningur myndi nást. Þann 21. febrúar 2025 var samningur um framsal veitunnar til HEF undirritaður. Raforkuverð til veitunnar er hátt, sem endurspeglast í háu orkuverði fjarvarmaveitunnar til notenda, en stóra verkefnið framundan er að leita að og útfæra nýja orkuöflunarkosti til að lækka orkuverð til íbúa. Einn liður í því er að þétta dreifikerfið með því að tengja sem allra flest þeirra 100 húsa í bænum við veituna, sem ekki hafa enn tengst.

## Samstarf og samvinna

Samstarf með Umhverfis- og framkvæmdasviði Múlaþings hefur verið í þróun og fer stöðugt vaxandi. Samlegð í verkefnum er mikil og náið samráð og sameiginleg verkkaup skila óvírætt hagkvæmni fyrir báða aðila. Þá er reglulega fundað með Rarik og öllum samlegðarmöguleikum velt upp.

## Sýnileiki

Markvisst hefur verið unnið að því að auka sýnileika starfseminnar.

Starfsfólk félagsins hefur reglulega átt innlegg á íbúafundi og fundi heimastjórna í minni kjörnunum. Upplýsingagjöf og samráð við íbúa hefur verið virkt og markvisst unnið að því að halda íbúum upplýstum um áætlanir og framvindu verkefna félagsins.

Sérfræðingar okkar hafa heimsótt grunnskóla með fræðslu um veitustarfsemi og umhverfismál. Mjög áhugavert verkefni sem vonandi verður fastur liður í starfsemi félagsins.



## Gæði, umhverfi og eftirlit

Neysluvatn er ótvírætt viðkvæmasta varan sem veitan vinnur með. Gerlamengun hefur komið upp í nokkrum af vatnsveitum félagsins undanfarin misseri. Kemur á daginn að einhver tilfellanna hafa verið árstíðabundin um nokkurt skeið, þar sem yfirborðsvatn hefur komist í lindarbrunna og valdið mengun. Önnur tilfelli verða helst skýrð með því að breytingar hafi orðið í örveruflóru landsins og gerlar orðnir hluti af náttúrunni. Sem betur fer ræður tæknin við gerlana, en hún er ekki enn orðin virk í öllum veitum. Áformað er að vatn í öllum þéttbýlisveitum, þar sem við á, verði gegnumlýst eftir mitt ár 2025.

Fráveitureglugerð hefur um árabil verið til endurskoðunar hjá stjórnvöldum. Nýlega tók Evróputilskipun um fráveitur gildi sem ekki hefur verið innleidd hér á landi enn. Fyrirséð er að kröfur til hreinsunar munu aukast verulega. Kostnaður fyrir landið allt hefur verið metinn allt að 200 milljörðum króna.

## Almannavarnir

Starfsmenn félagsins hafa um nokkurt skeið tekið virkan þátt í fundum með Almannavörnum vegna náttúruvár. Þá átti félagið tvo fulltrúa á skrifborðsæfingu Almannavarna í janúar síðastliðnum, vegna mögulegs Öskjugoss Helsta ógnin sem Múlaþingi steðjar að innviðum og íbúum sveitarfélagsins er öskufall vegna eldgosa í Öskju og Vatnajökli. Opin vatnsból vatnsveitunnar eru berskjölduð fyrir öskufalli og eru helsta áskorun



Heimsókn í dælustöð í Votahvammi.

veitunnar ef til öskugoss kæmi, en áhrifavaldur í atburðinum verður veður og vindátt. Mikilvægt er að veiturnar verði sem best undirbúnar fyrir hvers konar náttúruvá og viðbragð skipulagt, sem er og verður áfram til skoðunar hjá félaginu.

Í heimsmálunum hefur ekki verið jafn skuggsýnt um áratugaskeið og mikilvægt að veiturnar verði búnar undir það versta. Ekki þarf mikla herkænsku til að spilla innviðum þannig að mikil röskun verði á daglegu lífi okkar íbúanna. Mikilvægt er að samtal á vettvangi sveitarfélagsins fari fram og áhætta metin og mögulegar ráðstafanir kortlagðar ef til ófriðar kemur.

## Fellabrún 1 endurnýjuð

Á haustdögum var hafinn undirbúningur að endurnýjun og breytingum á skrifstofu félagsins í Fellabæ. Bílskúr, sem hýsti áhaldahús Fellahrepps og í seinni tíð áhaldageymslu Fellavallar, hefur verið breytt í fundasal og starfsmannainngang. Fyrrum fundasalur hefur verið gerður að kaffistofu. Í framhaldi verður veggjum í skrifstofuálmu fækkað og vinnurými opnað, sem opnar á möguleika á fleiri vinnustöðvum en eru í dag. Þá er til skoðunar að endurnýja þakklæðningu, sem er upprunaleg.

## Málsókn

Fyrrum framkvæmdastjóri félagsins höfðaði mál á hendur félaginu í kjölfar uppsagnar sumarið 2019. Dómur í málinu féll í héraði árið 2023, sem ákærandi áfrýjaði til Landsréttar. Rétturinn kvað upp dóm sinn 20. mars 2025.

## Samorka

Starfsmenn félagsins hafa tekið virkan þátt í starfi ráða og nefnda Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja. Framkvæmdastjóri hefur í vetur sinnt formennsku í vatnsveitufagráði og átt sæti í ráðgjafaráði veitufyrirtækja, líkt og mörg undanfarin ár. Starfsmenn félagsins hafa einnig tekið þátt í fundum hitaveitu- og fráveitufagráða. Ávinningur félagsins af þátttöku í starfi samtakanna er ótvíræður og þekkingarmiðlun og samtal og samráð með kollegum í öðrum veitufyrirtækjum afar dýrmætt.

Í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, HMS, hefur undanfarin misseri verið unnið að samræmingu mæliaðferða og skráningar við afkastaprófanir brunahana um allt land.

Tæknistjóri félagsins hefur starfað með netöryggishópi Samorku, sem varðaði leiðina að verkefni sem mun stórbæta netöryggismál félagsins.

## Þakkir

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki félagsins, sem og stjórnarmönnum fyrir fagleg vinnubrögð og góðan starfsanda.

Þá er sveitarstjórn Múlaþings þakkað að félagið fái notið þess að búa við fjárhagslegt sjálfstæði og að fjármunir félagsins hafi ávallt verið nýttir til rekstrar og innviðauppbyggingar félagsins.

**Ágústa Björnsdóttir**, formaður stjórnar og
**Aðalsteinn Þórhallsson**, framkvæmdastjóri.



# Stjórn HEF veitna | 2024—2025



**Ágústa Björnsdóttir** (formaður)
hefur setið í stjórn frá 2018 og áður í nokkur ár um síðustu aldamót.



**Ívar Karl Hafliðason**
Hefur setið í stjórn frá 2022.



**Vilhjálmur Jónsson**
Hefur setið í stjórn frá 2022.



**Eyþór Stefánsson**
Varamaður frá 2025 fyrir Hildi Þórisdóttur, sem hefur setið í stjórn frá 2022.



**Helgi Hlynur Ásgrímsson**
Hefur setið í stjórn frá 2020.

Stjórn félagsins fundaði 12 sinnum á árinu 2024. 14 fundir hafa verið haldnir á starfsárinu, milli aðalfunda.

# Skipurit


Stjórn HEF
Framkvæmdarstjóri
Aðalsteinn Þórhallsson
Framkvæmdadeild
Skrifstofa
Verkefnastofa
Gæða- og tæknideild
Jarðfræði
Finnur Þorsteinsson
bifvélavirki
Jón K. Auðbergsson
verkstjóri
Stefán Númi Stefánsson
verkamaður
Ásberg Logi Einarsson
verkamaður
Fjóla Sigurðardóttir
skrifstofustjóri
Embla Rán Gísladóttir
viðskiptafræðingur
Nigar Khalogova
viðskiptafræðingur
Anna J. Kjerulf
ræstitæknir
Védís Vaka Vignisdóttir
verkfræðingur
Þorsteinn B. Ragnarsson
tæknifræðingur
Haddur Áslaugsson
sérfræðingur
Glúmur Björnsson
jarðfræðingur



# 2

# Stefnumótun og gildi

Félagið er smátt í sniðum en þjónustar viðamikið svæði og hefur vaxið hratt á undanförnum árum með sameiningu í Múlaþing. Slíkur vöxtur felur í sér áskoranir, og enn er unnið að því að safna og samræma upplýsingar um starfsemina á hverju þjónustusvæði. Í ársbyrjun 2025 bættist enn eitt verkefnið við, þegar félagið tók yfir rekstur fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar. Stöðugt er unnið að því að ná yfirsýn og móta stefnu félagsins, og er bæði spennandi og gefandi að takast á við ný verkefni.

Þessar breytingar og hraður vöxtur félagsins hafa kallað á aukna stefnumótun og skýrari framtíðarsýn. Til að bregðast við þessum áskorunum og tryggja markvissan rekstur var haldinn stefnumótunarfundur þann 26. febrúar 2025. Í vinnuhópnum voru tveir aðilar úr stjórn félagsins og fjórir úr hópi starfsmanna. Fundinum var ætlað að skila helstu áherslum ístarfsemi félagsins, móta drög að stefnu og fara yfir markmið. Farið var yfir stöðu félagsins, helstu áskoranir í daglegum rekstri, ásamt því að móta gildi þess.

Á fundinum var lagt mat á bæði ytri og innri aðstæður, þar á meðal breytingar í umhverfi, samkeppni og tækniframfarir, til að tryggja að stefnumörkunin væri raunhæf og byggð á traustum grunni. Mikilvægt er að skapa sameiginlegan skilning meðal stjórnenda og lykilstarfsmanna, efla samstöðu um stefnu og tryggja að allir séu meðvitaðir um mikilvægi hennar.



# Stefna

Til að styrkja stöðu félagsins sem leiðandi veitufyrirtæki munu skýr markmið verða sett.

**Sjálfbær auðlindanýting**
Auka nýtingu orku og vatns með nýjustu lausnum í rekstri og endurnýtingu auðlinda. Varmadælur, jöfnunartankar, sorpbrennsla og fleiri hugmyndir eru til skoðunar.

**Öruggt og traust veitukerfi**
Styrkja innviði okkar með skýrri áætlun um fyrirbyggjandi viðhald, endurnýjun og uppbyggingu.

**Aukið vatnsöryggi**
Bora nýjar vatnsholur og tryggja dreifingu til að mæta vaxandi þörfum.

**Raforka**
Kanna möguleika í raforkuframleiðslu og -dreifingu.

**Skilvirkari rekstur**
Bæta verklag, skipulag og utanumhald framkvæmda, viðhalds og lagerstýringar.

**Sterkari samfélagstengsl**
Auka upplýsingagjöf og sýnileika fyrirtækisins meðal íbúa og hagsmunaaðila.

# Framtíðarsýn

Félagið byggir á sterkri arfleifð, en horfir jafnframt til framtíðar með skýr markmið um sjálfbæra auðlindanýtingu, skilvirkan rekstur og nýjungar í orku- og veitustarfsemi.

Til að ná þessum markmiðum munum við einblína á fjórar megináherslur:

## 1. Sjálfbær auðlindanýting

Við viljum hámarka nýtingu þeirra auðlinda sem við störfum með og leita leiða til að draga úr sóun. Með því að skoða möguleika á sorpbrennslu í rekstri okkar getum við minnkað raforkunotkun og jafnframt nýtt „hráefni“ sem til fellur á sjálfbæran hátt. Seyra getur verið verðmæt auðlind og við ætlum að kanna leiðir til að nýta hana sem áburð eða orku. Við viljum einnig innleiða varmadælur og jöfnunartank í kyndistöð okkar á Seyðisfirði til að lækka verð til neytenda og auka hagkvæmni og orkunýtingu.

## 2. Vatnsöryggi og fjölbreyttari vatnsöflun

Aðgengi að hreinu vatni er hornsteinn starfsemi okkar og við viljum tryggja að nægilegt vatn sé til staðar, bæði til neyslu og kyndingar. Við stefnum að því að bora fleiri holur og finna fleiri staði með heitu vatni til að auka afhendingaröryggi og stuðla að hagkvæmri og ábyrgri auðlindanýtingu til framtíðar.

## 3. Raforkuframleiðsla og framtíðarsýn í rafveitu

Við sjáum tækifæri í því að félagið verði virkur þátttakandi í raforkumálum og viljum taka meðvitaða stefnu í þeirri vegferð.

## 4. Sterkari rekstur og skilvirkt utanumhald

Til að styðja við sjálfbæra og hagkvæma starfsemi þurfum við að efla rekstrarferla okkar. Við viljum bæta lagerstjórnun, skipulag og gæðamál í öllum verkferlum okkar, auk þess að tryggja betra utanumhald um framkvæmdir og viðhald. Með markvissri nálgun á skipulag og ferlastjórnun munum við auka skilvirkni og tryggja að verkefni gangi hnökralaust fyrir sig.

# Gildi

FRAMSÆKNI | ÁBYRGÐ | TRAUST

## Framsækni

HEF veitur vinna markvisst að því að þróa starfsemina með nýjum lausnum, innleiða bestu aðferðir og horfa til framtíðar. Við viljum vera leiðandi í nýtingu auðlinda, tækni og skipulagi.

**Hvernig birtist þetta í daglegu starfi?**

- Við sækjum sérþekkingu með reglulegri **menntun**, **ráðstefnum** og **nýsköpun**.
- Við höldum **reglulega vinnufundi** um þróun og framtíðartækifæri.
- Við tryggjum að áætlanagerð sé **framsækin** og **horfi til lengri tíma**.

## Ábyrgð

HEF veitur bera ábyrgð á öryggi, auðlindanýtingu og þjónustu við samfélagið. Við tökum upplýstar ákvarðanir sem byggja á sjálfbærni og hagkvæmni til framtíðar.

**Hvernig birtist þetta í daglegu starfi?**

- Við veitum **skýrar og aðgengilegar upplýsingar** til íbúa og hagaðila.
- Við lágmörkum sóun og tryggjum **ábyrga nýtingu auðlinda** með kortlagningu ferla og stöðugum umbótum.
- Við tryggjum **skjótt og faglegt viðbragð** við ábendingum og áskorunum.

## Traust

Traust er undirstaða starfsemi HEF veitna. Samfélagið, viðskiptavinir og samstarfsaðilar þurfa að geta treyst á þjónustu okkar, fagmennsku og heiðarleika í öllum aðgerðum.

**Hvernig birtist þetta í daglegu starfi?**

- Við tryggjum að **inniviðum sé vel við haldið** og **þeir séu traustir**.
- Við bjóðum upp á **áreiðanlega þjónustu** sem uppfyllir væntingar viðskiptavina.
- Við viðhöldum **stöðugri upplýsingagjöf** til viðskiptavina og **bregðumst skjótt við** bilunum og rekstrartruflunum.

# 3

# Fjármál







## Rekstrarreikningur

Heildartekjur árið 2024 námu 841 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 760 m.kr. árið 2023. Hækkuðu um 11% frá fyrra ári. Rekstrargjöld jukust eining, úr 287 m.kr. 2023 í 374 m.kr. eða um 30%.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam 331 m.kr. samanborið við 356 m.kr. árið 2023. Hrein fjármagnsgjöld námu 60 m.kr. samanborið við 54 m.kr. árið 2023, 56 m.kr. árið 2022, 26 m.kr. árið 2021 og 68 m.kr. árið 2020.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er um 272 m.kr. Tekjuskattur nam 17,9 m.kr. Rekstrarniðurstaða ársins er því um 254 m.kr. hagnaður en var 284 m.kr. árið 2023.







# Eignir og eigið fé

Heildareignir félagsins í árslok 2024 námu 3.300 m.kr samanborið við 3.142 m.kr. í árslok 2023.

Langtímakröfur eru 12,9 m.kr. í árslok en voru 13,5 m.kr. í árslok 2023.

Eigið fé félagsins er 2.260 m.kr. í árslok 2024 samanborið við 2.006 m.kr. í árslok 2023 og er eiginfjárhlutfall félagsins 68,5% samanborið við 63,8% í árslok 2023. Arðsemi eigin fjár var 11,2% á árinu en var 14,2% 2023.

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.040 m.kr. í árslok 2024 samanborið við 1.136 m.kr. í árslok 2023. Langtímaskuldir námu alls 827 m.kr. í árslok, samanborið við 835 m.kr. árið áður.


EBITDA sem hlutfall af veltu
66%
64%
62%
60%
58%
56%
54%
52%
50%
48%
2018
2019
2020
2021
2022
2023
2024


Eiginfjárhlutfall
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
2018
2019
2020
2021
2022
2023
2024


Skuldir
Langtíma
Skammtíma
1.600
1.400
1.200
1.000
800
600
400
200
-
2017
2018
2019
2020
2021
2022
2023
2024

## Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 414 m.kr. á árinu 2024 eða sem nemur 49,2% af heildartekjum ársins.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 454 m.kr. 2024, en var 486 m.kr. árið 2023.

Fjárfestingar námu samtals 306 m.kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 69 m.kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 122 m.kr., fjárfesting fráveitu 108 m.kr. og fjárfestingar í gagnaveitu 7 m.kr. að teknu tilliti til opinberra styrkja.

Afborganir langtímalána námu 57 m.kr, og afborganir leiguskulda 21 m.kr. Fjármagnskostnaður félagsins var 61 m.kr. á árinu 2024 samanborið við 44 m.kr. árið 2023.

Handbært fé í árslok var 4 m.kr samanborið við 2,1 m.kr. í árslok 2023.

Fjárfestingar í verðlagi hvers árs




| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fráveita | 31 | 47 | 245 | 62 | 81 | 93 | 108 |
| Vatnsveita | 25 | 30 | 104 | 23 | 83 | 72 | 122 |
| Hitaveita | 64 | 14 | 31 | 30 | 74 | 333 | 139 |
| Gagnaveita | - | - | - | 173 | 129 | 24 | 7 |




CAT

# 4

# Starfsemin



# Tölulegar upplýsingar úr rekstri

| | 2024 | 2023 | |
|---|---|---|---|
| Heildarmagn af heitu vatni | 2.223 | 2.191 | þús. m³ |
| Meðalvinnsla úr borholunum | 70,5 | 69,5 | l/sek |
| Mesta mánaðarvinnsla | 261 (jan) | 252 (des) | þús. m³ |
| Aukning vinnslu milli ára | 1,4 | 0,5 | % |
| Ársmeðalhiti á Tjarnarbraut | 3,3 | 3,9 | °C |
| Mesti hiti ársins | 26,4 (14. júl) | 26,6 (17. jún) | °C |
| Lægsti hiti ársins | -17,2 (jan) | -15,6 (des) | °C |



## Hitaveita

Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 54 m.kr. Rafmagn á dælubúnað kostaði 31,7 m.kr. á árinu, en var 24,4 m.kr. 2023. Alls er rekstrarkostnaður hitaveitunnar um 1 m.kr. lægri 2024 en árið 2023.

| | 2024 | 2023 | |
|---|---|---|---|
| Sala á heitu vatni skv. sölukerfi | 1.853 | 1.700 | þús. m³ |
| Sala um hemla í dreifbýli og til sumarhúsa | 345 | 334 | þús. m³ |
| Íþróttamannvirki á EGS og FB, notkun | 119 | 132 | þús. m³ |
| Notkun til afbræðslu | 1 | 4 | þús. m³ |
| Gróðurhúsin á Valgerðarstöðum, notkun | 22 | 26 | þús. m³ |
| Vök Baths, notkun | 270 | 252 | þús. m³ |
| Rafmagn á dælubúnað, kostn. | 31,7 | 24,4 | m.kr. |
| Rekstrarkostnaður hitaveitunnar | 54 | 55 | m.kr. |
| Heildartekjur af rekstri hitaveitu | 313 | 274 | m.kr. |



## Vatnsveita

Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið var um 816 þús. m3 eða að meðaltali 25,8 l/sek., jókst um 6,4% frá fyrra ári, en jókst um 14% frá 2022 til 2023. Rekstrarkostnaður veitukerfis vatnsveitunnar var 30 m.kr. eða um 9,9 m.kr. hærri en árið 2023.

Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, í Beinárgerði á Völlum og að Mýnesi I í Eiðaþinghá.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 179,7 m.kr., lækkaði um 8,3 m.kr. frá fyrra ári.

| | 2024 | 2023 | |
|---|---|---|---|
| Heildarmagn frá Köldukvíslarvirkjun | 816 | 767 | þús. m³ |
| Rafmagnskostnaður | 7,0 | 4,7 | m.kr. |
| Rekstrarkostnaður | 29,9 | 20,1 | m.kr. |
| Heildartekjur | 190 | 188 | m.kr. |



## Fráveita

Álögð gjöld fráveitu voru 319 m.kr. og er hækkun frá fyrra ári um 41 m.kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis 2024 nam 75,5 m.kr. en árið 2023 var kostnaðurinn 64,2 m.kr., hækkun um 11,3 m.kr. milli ára.

Á Egilsstöðum, Fellabæ og Hallormsstað eru rekstrarleigusamningar vegna hreinsivirkja í gildi allt til ársins 2027.  Alls voru 200 rotþrær í dreifbýli hreinsaðar á árinu, en voru 277 á árinu 2023. Fækkunina má skýra með því að frá árinu 2024 stendur félagið fyrir losun á 3ja ára fresti, en ekki á 2já ára fresti eins og hefur verið undanfarin ár.

| | 2024 | 2023 | |
|---|---|---|---|
| Álögð gjöld fráveitu | 319 | 278 | m.kr. |
| Rekstrarkostnaður | 75,5 | 64,2 | m.kr. |
| Hreinsaðar rotþrær | 200 | 277 | stk |
| Heildartekjur | 324 | 280 | m.kr. |




# Gagnaveita

Frá árinu 2019 hefur félagið rekið gagnaveitu á Fljótsdalshéraði en hægt er að rekja söguna allt aftur til 2000 þegar HEF hóf að setja gagnaveiturör í skurði í þéttbýli á vegum félagsins og leigja aðgang að þeim til fjarskiptafélaga ásamt því að tengja saman eigin starfsemi í nágrenni Egilsstaða.

Árið 2024 hóf Múlaþing að leggja rör og ljósleiðara í Berufirði frá Þiljuvöllum, fyrir fjörðinn og allt að Eyjólfsstöðum í Fossárdal. Þetta verk er lokahluti af verkefninu Ísland ljóstengt og á að klárast 2026. Þar er nýtt samlegð með framkvæmdum RARIK á svæðinu. Að ósk Múlaþings hefur HEF haft umsjón með því verkefni þar sem HEF nýtir þá þekkingu sem byggð hefur verið upp hjá fyrirtækinu. Ekki hefur verið ákveðið hvort HEF mun í framhaldinu taka við rekstri kerfisins.

Þó svo að verkefninu Ísland ljóstengt á Fljótsdalshéraði sé lokið þá eru enn möguleikar til stækkunar og nú liggur fyrir að hanna þarf nýja staði þar sem vísir að þéttbýli er að myndast eins og í Unabyggð á Völlum og á Eiðum.

Lokaátakið á vegum Fjarskiptasjóðs í að ljósleiðaravæða öll heimili á Íslandi hófst á vormánuðum 2024 Fengust styrkir fyrir um u.þ.b. 350 heimili á Djúpavogi, Borgarfirði og á Seyðisfirði. Eins og í Berufirði óskaði Múlaþing eftir að félagið veitti ráðgjöf og sinnti utanumhaldi verkefnisins. Þessi framkvæmd verður á vegum einkaaðila en félagið sá um samningagerð, ásamt því að innviðir félagsins á þessum stöðum verða nýttir.

# Yfirtaka HEF á fjarvarmaveitunni á Seyðisfirði

Fjarvarmaveitan á Seyðisfirði hefur verið rekin af RARIK frá árinu 1992. Kyndistöðin nýtir 5 MW rafskautaketil og olíuketil (varaafl), sem hefur verið nauðsynlegur þegar skerðing verður á raforku og valdið verulegum kostnaði. Dreifikerfið er komið til ára sinna og þarfnast umfangsmikillar endurnýjunar á næstu 20–30 árum, en ástand þess er ekki mikið frábrugðið öðrum sambærilegum kerfum á sama aldursskeiði. Með betri einangrun og fjölgun tengdra notenda mætti draga verulega úr varmatapi, sem nú er metið um 27%.

RARIK tilkynnti árið 2017 um fyrirhugaða lokun veitunnar og bauð Múlaþingi að taka við rekstrinum. Til að greina framtíðarmöguleika setti sveitarfélagið á laggirnar starfshóp snemma árs 2023. Hópurinn kannaði meðal annars miðlægar varmadælulausnir, með vinnslu varma úr sjó eða andrúmslofti, og viðarperlukyndingu sem topp- og varaafl. Hins vegar var mikil óvissa um kostnað tryggrar raforku, sem gerði rekstrarforsendur óljósar.

Snemma árs 2024 sótti HEF veitur, fyrir hönd Múlaþings, um styrk í European City Facility verkefnið, sem fjármagnað er af LIFE áætlun ESB. Styrkirnir eru ætlaðir þróun fjárfestingaáætlana fyrir orkuskipti og aukna orkunýtingu. HEF fékk úthlutað um 9 milljónum króna (60.000 evrum) auk sérhæfðs stuðnings sérfræðinga, með það að markmiði að innleiða varmadælu í kyndistöðina á Seyðisfirði.



Við undirritun. Frá vinstri, Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri RARIK, Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitarstjóri Múlaþings og fyrir hönd HEF veitna, þau Ágústa Björnsdóttir stjórnarformaður og Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.

Síðar á árinu skapaði nýr raforkusamningur við Landsvirkjun í október 2024 nauðsynlegan grundvöll fyrir áframhaldandi viðræður um framtíð veitunnar.

# Samstarf og miðlun

## Undirbúningur yfirtöku og samningar

Í nóvember og desember 2024 vann starfshópur með fulltrúum frá RARIK, Múlaþingi og HEF að því að móta kaupsamning, skipuleggja yfirfærslu viðskiptavina og eigendaskipti fasteignar. Álestur hitaveitumæla fór fram í desember til að tryggja nákvæmt uppgjör við viðskiptavini. Formlegur kaupsamningur var síðan undirritaður 21. febrúar 2025 við hátíðlega athöfn í kyndistöð veitunnar að Garðarsvegi 13.

## Fyrstu skref og framtíðarsýn

Fyrstu skrefin eftir yfirtökuna verða að bora vatnsleitarholu og móta áætlun um endurnýjun dreifikerfisins. Samhliða verður haldið áfram samráði við íbúa með það að markmiði að þróa sjálfbæra, hagkvæma og umhverfisvæna lausn fyrir húshitun á Seyðisfirði.

Bæði Múlaþing og HEF veitur telja yfirtökuna nauðsynlega til að tryggja rekstrarhæfi kerfisins til framtíðar. Fyrri greiningar og fyrirliggjandi lausnir veita sterkan grunn, en frekari rannsóknir og aðgerðir eru nauðsynlegar til að ná markmiðum um orkusjálfstæði, minni raforkunotkun og minni sóun. Yfirtakan markar því bæði mikilvægan áfanga og nauðsynlegt skref í átt að sjálfbærum rekstri og orkuöryggi til framtíðar.




Glúmur Björnsson jarðfræðingur, fræðir nemendur Fellaskóla um borun eftir heitu vatni.

Starfsmenn HEF tóku á móti, og heimsóttu, grunnskólanemendur á svæðinu til að fræða um orku og orkuöflun. Í nóvember fóru nemendur úr Fellaskóla í vettvangsferð að vinnslusvæðinu við Urriðavatn og upp að vatnstanki. Glúmur Björnsson, jarðfræðingur HEF veitna, fór yfir helstu staðreyndir og fræddi nemendur um borun eftir heitu vatni.

Eygló er samstarfsverkefni sem miðar að því að efla orkuskipti, bæta orkunýtni og styðja við þróun hringrásarhagkerfis á Austurlandi. Á árinu hófst formlegt samtal milli fulltrúa HEF veitna og Eyglóar, með sérstakri áherslu á fjarvarmaveituna á Seyðisfirði og þau tækifæri sem tengjast henni. Verkefnastjóri HEF Veitna vann að umsókn um styrkfjármögnun og naut í því samhengi ráðgjafar og sérfræðiþekkingar frá Eygló. Markmiðið fyrir árið

# Mannauður

2025 er að efla og dýpka samstarfið enn frekar, með áherslu á sjálfbærar og orkusparandi lausnir, þar á meðal nýtingu varmadæla.

HEF er aðili að Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna, ekki síst minni veitna. Samorka hefur staðið fyrir og verið málsvari veitnanna gagnvart stjórnvöldum. Drjúg vinna Samorku felst í umsagnarvinnu og samskiptum við stjórnvöld vegna þeirra fjölmörgu brýnu verkefna sem hvíla á veitum og orkufyrirtækjum. Framkvæmdastjóri HEF veitna, hefur undanfarin ár skipað sæti varamanns stjórnar Samorku og sinnt formennsku í vatnsveitufagráði. Á aðalfundi Samorku í mars 2025, hlaut framkvæmdastjóri HEF veitna kjör til setu í aðalstjórn samtakanna til eins árs.

Þrír starfsmenn HEF veitna sóttu desemberfund Samorku 2024.

Félagið tók þátt í vinnuhópi Samorku, HMS og slökkviliða um stöðlun mælinga og úttekta á brunahönum.

Þrír starfsmenn félagsins sóttu vörusýningu, IFAT, í München.  Sýningin er á vettvangi vatns- og fráveitna, haldin annað hvert ár.

Á árinu störfuðu að jafnaði 12 manns hjá félaginu.

Starfsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt, nokkuð í takti við aukin verkefni og umsvif félagsins.  Nú er aðkallandi að stækka hóp útimanna og auglýsa eftir starfsmanni til að annast daglegan rekstur kyndistöðvar á Seyðisfirði.

Starfsmenn þjónustumiðstöðva Múlaþings hafa stutt við starfsemina með þátttöku í stórum og smáum verkefnum og eru félaginu sérdeilis mikilvægir þegar kemur að því að „redda“ málum og sinna reglulegum viðvikum.

| | |
|---|---|
| Framkvæmdastjóri | 1 |
| Rekstrarmenn veitukerfa, viðhald og eftirlit | 3-4 |
| Skrifstofu- og fjármálastjóri | 1 |
| Sérfræðingur á fjármálasviði | 2 |
| Tækni- og gæðastjóri | 1 |
| Jarðfræðingur | 1 |
| Verkefnastjórar | 2 |
| Ræstitæknir | 1 |
| Samtals | 12-13 |

# Framkvæmdir í höfuðstöðvum

Í Fellabrún 1, Fellabæ, hafa höfuðstöðvar veitunnar verið frá árinu 1990. Húsnæðið var hannað af Birni Kristleifssyni og byggt fyrir Fellahrepp og Hitaveitu Egilsstaða og Fella, sem áður var til húsa í Heimatúni 2 í Fellabæ.

Á árinu 2024 hófst skipulag endurnýjunar á húsnæðinu, sem var orðið tímabært. Bílskúrinn, sem hingað til hefur verið nýttur sem geymsla fyrir Fellavöll, var leystur undan leigusamningi í kjölfar stækkunar á aðstöðu við fótboltavöllinn á árinu. Í framhaldi af því var lögð áhersla á að finna hagkvæma og skilvirka nýtingu á bílskúrnum, ásamt því að stækka kaffistofuna, sem um langt skeið hefur verið of lítil fyrir vaxandi fjölda starfsmanna.

Snidda arkitektastofa var fengin til að teikna upp og hanna uppsetningu innanhúss, og í árslok 2024 lá fyrir endanleg niðurstaða. VÓ smíði ehf. hóf framkvæmdir í janúar 2025 og eru framkvæmdir langt á veg komnar, nú í lok mars 2025. Stefnt er á að ljúka framkvæmdum á vordögum 2025.



Höfuðstöðvar HEF við Fellabrún 1 í Fellabæ í vetrarham.



Vaskir smiðir hjá VÓ smíði, þeir Óttar Steinn Magnússon og Þorvaldur Björgvin Ragnarsson.


CAT

# 5

# Verkefnin

GÖTULAGNIR

FRÁVEITA

## Djúpivogur



Vinna við fráveitu við Langatanga á Djúpavogi.

### Borgarland

Framlenging götunnar Borgarlands á Djúpavogi var unnin í samvinnu við Múlaþing, en skipulagðar eru sjö nýjar lóðir til norðausturs frá enda götunnar. COWI á Reyðarfirði sá um hönnun gatna og lagna ásamt útboðsgögnum. SG vélar sáu um jarðvegsframkvæmdir og fráveitulagnir, en Meta sáu um tengingu vatnslagna f.h. HEF veitna. Bogi Kárason sinnti með verkeftirliti og -umsjón.

Verkið hófst í byrjun desember árið 2023 þar sem tengdar voru lagnir í Borgarland 46 sem þá var í byggingu. Framkvæmdin var sett á ís yfir sumartímann, meðan önnur verkefni voru í forgangi, en haldið áfram um miðjan september og lauk verkinu í nóvember 2024.

### Útrás Langatanga

Verkefnið er fyrsti áfangi í úrbótum á fráveitukerfi Djúpavogs. Með þessum áfanga er búið að afnema skólpútrás sem skilaði óhreinsuðu skólpi beint út í Voginn við smábátahöfnina, jafnframt er kominn grundvöllur fyrir grófhreinsun á öllu skólpi frá þorpinu. En næstu áfangar miða að því að beina allri fráveitu að dælubrunninum sem skilar henni í hreinsivirkið.

Þessi fyrsti áfangi fól í sér niðursetningu á dælubrunni við Hótel Framtíð, lagningu um 700 m langrar dælulagnar frá honum út að skólphreinsivirki sem komið var upp við Bóndavörðuvatn og lagningu 300 m langrar útrásar frá hreinsivirkinu út í sjó.

# Djúpivogur

## FRÁVEITA

### Dælulögn frá Steinum

Næsti áfangi í endurbótum á fráveitu á Djúpavogi felur í sér að koma niður dælubrunni við enda götunnar Steina, þar sem nú er rotþró, og leggja þaðan dælulögn upp að nýja dælubrunninum við Hótel Framtíð. Þessi áfangi var til skoðunar 2024 en verður ekki undirbúinn fyrr en 2025 og að öllum líkindum framkvæmt 2026. Mikill ávinningur er af framkvæmd sem þessari að samnýta lagnaleið með göngustígagerð eða gatnagerð, og verður þessi framkvæmd því unnin í nánu samstarfi við Múlaþing.



Vatnsveita Djúpavogi - Nýtt vatnsból

## HITAVEITA

### Jarðhitaleit

Leitun að jarðhita á Búlandsnesi við Djúpavog var fram haldið 2024.  Leitað hefur verið með hléum í um þrjá áratugi og álíka margar leitarholur boraðar. Jarðborinn Trölli var notaður til verksins. Markmiðið var að ná að skera jarðhitaæð á dýpi um 600 metra og fá aðgang að heitara vatni, en borunin skilaði ekki tilætluðum árangri. HEF veitur fengu til þess 134,8 m.kr. styrk (2/3) frá stjórnvöldum, sem var grundvöllur þess að hægt væri að hefja framkvæmdir.

Verkefnið hófst í febrúar með uppsetningu bors og borbúnaðar. Fyrstu metrarnir gengu vel, en þegar dýpra var borað fundust vatnsæðar með takmörkuðum hita. Vatnsæð á 320 metra dýpi truflaði borunina og þurfti að steypa hana af til að halda áfram. Borunin gekk hægt í mjög hörðu bergi. Borstrengur slitnaði endurtekið við borun þegar komið var niður fyrir 500m og tafðist verkið eftir því. Borað var niður á 800 metra dýpi og reyndust hitamælingar enn undir væntingum og engar

# Djúpivogur

## HITAVEITA




Borbræður, Davíð Skúlason og Guðlaugur Sindri Helgason

áberandi vatnsæðar fundust á miklu dýpi. Blástur á holunni leiddi ekkert nýtt í ljós og því var ákveðið að hætta borun.

Í kjölfarið mældi ÍSOR holuna og þrátt fyrir vonbrigðin gaf borunin mikilvægar upplýsingar um jarðfræði svæðisins sem var nýtt sem viðmið fyrir áframhaldandi jarðhitaleit á svæðinu. Fjórar holur á svæðinu voru hita-, stefnu-og hallamældar,

# Djúpivogur

## HITAVEITA

myndaðar með hljóðsjá sem afhjúpar sprungur, náttúruleg gammageislun var mæld auk viðnáms og endurvarp nifteindageislunar. Allar mælingarnar eru staðsettar í þrívídd og út frá þeim, ásamt fyrirliggjandi mælingum, var þrívíddarlíkan teiknað. Líkanið var afhent haustið 2024 og var haft að leiðarleiðarljósi í áframhaldandi jarðhitaleit. Borbræð voru fengnir til borunar á tveimur rannsóknarholum til að styrkja líkanið og staðfesta það. Fyrri holan (DPV-34) varð 204 metrar og sýndi ekki fram á tengsl milli holu 25 og 28 eins og vonast var til. Fyrir vikið var næsta hola (DPV-35) flutt aðeins nær, á svæði sem bauð upp á grynnri holu. Hún varð 330 metrar og komst ekki í sterkar æðar þó mikið vatn hafi verið á ferðinni og margar æðar skornar.

Tilraun varð gerð til að dýpka holu 25, en hún er afar vatnsmikil og heit og ekki reyndist unnt að dýpka hana vegna vatnsmagnsins.

Síðar í mánuðinum stendur til að fá ÍSOR til að mynda fjórar holur í viðbót, það eru nýju holurnar 34 og 35 ásamt 25 og 29. Holurnar verða hita-, stefnu- og hallamældar og myndaðar með hljóðsjá. Þetta verður fært inn í líkanið og það uppfært. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um næstu skref.

## VATNSVEITA

### Nýtt vatnsból í eyrum Búlandsár

Þegar borinn Trölli var á leið af svæðinu eftir jarðhitaleit í apríl 2024 var ákveðið að bora tvær holur í eyrar Búlandsár fyrir neysluvatn. Að því loknu var hafist handa að afla leyfa fyrir framkvæmdir á svæðinu ásamt því að hanna lagnaleið, lokahús og tengingu við lögnina ofan af Búlandsdal.

SG vélar sáu um jarðvinnu á svæðinu, en þeirra vinnu lauk í nóvember og var frágangur til fyrirmyndar.

# Borgarfjörður



## GÖTULAGNIR

### Jörfi

Framlenging götunnar Jörfa á Borgarfirði var unnin í samvinnu við Múlaþing, en skipulagðar voru fimm nýjar lóðir við Jörfa og þrjár við Dagsbrún. Verkfræðistofan EFLA sá um hönnun gatna og lagna ásamt útboðsgögnum. ÞS verktakar sáu um jarðvegsframkvæmdir og fráveitulagnir að undangengnu útboði, en starfsmenn HEF sáu um tengingu vatnslagna. Verkráð sinnti verkeftirliti og -umsjón f.h. veitunnar. Vinna á verkstað hófst í maí og lauk í september.  Yfirborðsfrágangi götu var þá ólokið.

# Borgarfjörður

## VATNSVEITA

### Miðlunartankur

Haustið 2024 greindist mengun í neysluvatni á Borgarfirði eystri, sams konar og hafði áður greinst haustið áður. Í kjölfarið voru gefin út tilmæli um að sjóða neysluvatn til drykkjar. Mengunin var líklega tilkomin vegna yfirborðsvatns sem komist hefur í brunnana í úrkomutíð. Sambærileg atvik hafa að sögn reglulega orðið í gegnum árin, sem kallaði á sambærilegar ráðstafanir.

Í kjölfar þessa atburðar var farið í úttekt á vatnsbólinu og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til að bæta öryggi þess. Settar voru upp nýjar girðingar, þó þær séu lagðar niður að vetri til vegna snjóþyngsla. Einnig voru brunnar og lagnir yfirfarnar til að tryggja gæði vatnsins.

Til að tryggja varanlega lausn á vandamálinu hefur verið ákveðið að setja upp gegnumlýsingartæki sem mun bæta vatnsgæðin til framtíðar. Því fylgir endurhönnun á tæknirými í kringum vatnstankinn, sem hófst haustið 2024. Stefnt er að því að byggja nýtt tæknirými og klæða vatnstankinn sumarið 2025.

Með þessum aðgerðum vinnur veitan að því að bæta vatnsgæði á Borgarfirði og tryggja að íbúar hafi aðgang að öruggu og hreinu neysluvatni.

### Endurnýjun stofnlagnar

Á árinu 2025 stendur til að endurnýja asbestlögn sem liggur frá vatnstanki, niður með Fjarðarborg. Verkefnið verður skipulagt samhliða endurnýjun miðlunartanksins og reiknað með að framkvæmdir hefjist um mitt ár 2025.

# Seyðisfjörður

## GÖTULAGNIR

### Gilsbakki

Sumarið 2024 voru vatns- og fráveitulagnir endurnýjaðar í Gilsbakka. Vatnslögnin upp hverfið hafði ítrekað bilað og tækifærið nýtt til endurnýjunar áður en Múlaþing endurnýjaði slitlag götunnar. Framkvæmdum lauk í byrjun ágúst.

## VATNSVEITA

### Endurnýjun stofnlagnar

Öðrum áfanga endurnýjunar stofnlagnar vatnsveitu, neðan Gilsbakkahverfis var lokið á árinu. Lögnin sem lögð hafði verið haustið 2023 var tengd í báða enda. Tengivinnan fór fram í júní 2024, en loka þurfti fyrir vatnið 20. júní frá kl 21 til kl 5 morguninn eftir og var lokunin auglýst með góðum fyrirvara. Gamall tengibrunnur var lagður af og jarðlokar settir í staðinn, ásamt því að koma fyrir nýjum brunahana á móts við verslun Samkaupa. Jón Runólfur hjá Skriðuverki sá um jarðvinnu og starfsmenn HEF og PÍPA um tengivinnu. Lokunin var einnig nýtt til að hreinsa síubeð í inntakslóni, sem Landsverk sinnti.



Endurnýjun stofnlagna á Seyðisfirði

# Egilsstaðir

## GÖTULAGNIR

### Dynskógar

Íbúum Dynskóga var boðið á íbúafund í júlí, þar sem þeim var gert kunnugt um fyrirætlanir veitunnar og Múlaþings að endurnýja lagnir og yfirborð götunnar. Fráveitu- og vatnsveitulagnir voru endurnýjaðar í götunni, en úr henni ganga tveir botnlangar. Austurverk fjarlægði yfirborð og hóf framkvæmdir í lok júlí og gekk vel. Var gatan malbikuð í október, en gangstétt og annar frágangur verður afgreiddur á vormánuðum 2025.

### Austurtún

Frágangur götulagna í Austurtún, nýrri götu á Egilsstöðum, var lokið um sumarið og gatan malbikuð í september.

### Selbrún

Lítilsháttar breytingar voru gerðar á götulögnum í Selbrún sumarið 2024 áður en gatan var malbikuð í september.



Gengið frá nýjum lögnum við Dynskóga á Egilsstöðum

# Egilsstaðir

## GÖTULAGNIR

### Hjarðarhlíð & Bláskógar (2025)

Í nóvember 2024 hófst undirbúningsvinna fyrir komandi sumar og sá EFLA um að hanna götulagnir í báðar götur, ásamt götulýsingu. Verkin voru boðin út í febrúar og mars 2025 og stefnt á að hefja framkvæmdir í apríl. Íbúafundur verður boðaður í báðum götum fyrir þann tíma.

## FRÁVEITA

### Melshorn

Stjórn félagsins skipaði byggingarnefnd sem fundaði nokkrum sinnum á árinu. Vinna við fullnaðarhönnun búnaðar og byggingar hefur staðið yfir frá seinni hluta árs 2024.  Samið var við Verkís um verkfræðiráðgjöf vegna byggingarinar að undangenginni verðkönnun meðal ráðgjafa á svæðinu. Sænsk- norskur ráðgjafi, Malmberg, sér um búnaðarhönnun og val á búnaði og Snidda um arkitektúr.

## HITAVEITA

### Orkumælar

Veitan stefnir á að hefja útskipti hefðbundinna hitaveitumæla á árinu 2025, en undirbúningsvinna hófst á árinu 2024. Í því fólst að greina ítarlega möguleika á lausnum og búnaði á markaði sem og þiggja ráðgjöf sérfræðings og hitaveitna sem lengra eru komin í ferlinu.  Ljóst er að ýmsar lausnir eru í boði og stórt verkefni framundan.





# Fljótsdalshérað

## VATNSVEITA

### Iðavellir

Vatnsveitan á Iðavöllum kom til skoðunar hjá félaginu eftir að Múlaþing óskaði eftir aðstoð vegna reglulegra, tímabundinna truflana á vatnsgæðum veitunnar sem komin er til ára sinna. Vatnsveitan er ekki í eigu félagsins. Lindarbrunnurinn hefur um árabil ekki uppfyllt kröfur heilbrigðiseftirlits. Í kjölfar þess var framkvæmd ítarleg greining á aðstæðum, þar á meðal dælupróf í borholu í einkaeigu, í landi Storms, með það að markmiði að kanna möguleika á nýtingu eða kaupum á holunni af landeiganda og nýta hana í núverandi dreifikerfi Iðavalla. Dæluprófið, sem fram fór í nóvember 2023, sýndi að holan gaf lítið vatn og dugði ekki til frekari nýtingar. Í október 2024 var boruð ný hola skammt frá félagsheimilinu í þeirri von að skera berggang á 50-70 metra dýpi. Við borun reyndist bergið hins vegar mjög lint og svart, líklega af súru bergi tengdu Þingmúlaeldstöðinni. Holan gaf lítið sem ekkert vatn, og því var hún ekki talin fýsileg til vatnsöflunar.

---

### Eiðar

Á Eiðum eru þrjár borholur í notkun og hafa verið síðan um árið 1993, þegar sjö holur voru boraðar. Sumarið 2024 bar skyndilega á vatnsskorti þegar heitir pottar voru teknir í notkun í sumarbústaðabyggð BSRB og þannig háttur á að sírennsli var í pottana sem kallaði á mikið kalt vatn til blöndunar. Mælingar gáfu til kynna að rennsli úr holunum hafði minnkað frá því sem mældist fyrr um árið og líklegt að niðurdráttur hafi aukist. Ekki er unnt að mæla hann án þess að opna holurnar en stefnt er á að gera það á næstu vikum. Vatnsskortinum varð ekki bjargað á annan hátt en að keyra tankbíl með vatni frá Egilsstöðum og var það gert um nokkurra vikan skeið með ærnum tilkostnaði. Til að leysa úr þessum vanda var farið í að bora nýja holu, aðeins frá fyrri holum. Holan var boruð 27. ágúst og markmiðið að skera áberandi misgengi á um 50-70 m dýpi. Þrátt fyrir að misgengið virðist hafa verið skorið á um 70 m gaf það ekki vatn og holan svo til þurr. Hún nýttist þess í stað sem hitastigulshola og gefur til kynna mjög lágan hitastigul við Eiða, sem

# Fljótsdalshérað

## VATNSVEITA

### Eiðar (frh.)

passar vel við fræga hitastigulsholu utan við Eiða sem gárungar tala um að hafi afskrifað jarðhita á Austurlandi á einu bretti á sínum tíma, mögulega til ama fyrir jarðhitaleit í fjórðungnum, en það er önnur saga.

Eftir þessa borun varð ljóst að borholur í berg myndu seint svara aukinni vatnsþörf, sem kemur til með að aukast enn með árunum. Það er vegna þess að jafnvel „góðar" borholur á svæðinu gefa lítið vatn (<1 l/s). Því var fallið frá frekari borunum í berg.

Fáar aðrar lausnir eru í stöðunni. Áður var vatnsból Eiða borhola í eyrum Gilsár. Það vatnsból eyðilagðist á sínum tíma vegna efnistöku úr ánni og ekki spennandi að gera vatnsból þar sem áður hafði misheppnast að reka vatnsból. Einnig fylgir ánni sá draugur að gamall ruslahaugur er á bökkum árinnar þar sem sögur herma að mengandi úrgangur hafi verið grafinn. Gilsáin er þó svo til eina ferska uppspretta vatns í tryggu magni á svæðinu og því er til skoðunar að bora í eyrar/bakka Gilsárinnar fyrir ofan tún Ormsstaðamegin. Það er um 2,5 km leið en myndi að öllum líkindum tryggja meira en nóg af vatni og ástæða til að trúa að gæðin verði góð enda komið upp fyrir efnistöku og hugsanlega mengunarvalda. Þó er einn hængur á, því Orkusalan er langt komin á leið með áform um að reisa virkjun uppi á Gilsárdal. Stöðvarhúsið verður þó líklega staðsett fyrir ofan neðstu fossa og fyrirhugað vatnsból. Helsta áhættan verður á meðan framkvæmdum stendur en samtal hefur átt sér stað við Orkusöluna um framhald. Viðræður standa yfir við landeigendur en vonir standa til að ráðist verði í framkvæmdir á þessu nýja vatnsbóli 2025. Upp hefur komið umræða og mat á fýsileika um lagningu hitaveitu með lagningu nýrrar vatnslagnar en ákvörðun um það hefur ekki verið tekin.

# Fljótsdalshérað

## VATNSVEITA

### Hallormsstaður

Á árinu 2024 komu upp vandamál með vatnsgæði á Hallormsstað þegar gerlamengun mældist í neysluvatni vegna bilunar í gegnumlýsingarbúnaði. Félagið hefur brugðust við með því að hefja umfangsmiklar framkvæmdir sem fólust í endurhönnun og uppsetningu á lagnakerfinu og bættu aðgengi í lagnarýmið í vatnstanknum og uppsetningu á nýjum síum og gegnumlýsingarbúnaði til að tryggja góð vatnsgæði. Þá var vatnstankurinn tæmdur og þrifinn.

Framkvæmdir hófust í nóvember í hitabylgju og 20°C. Töluverð vinna fór í undirbúning og steypusögun. Framhjáhlaup framhjá tanki var útbúið svo halda mætti vatnsveitunni í rekstri á meðan tankurinn var tæmdur. Hurðaropið var stækkað og veggur milli vatnstanks og lagnarýmis sagaður til að undirbúa uppsetningu lokunar milli rýmanna. Á meðan þessu stóð voru íbúar beðnir um að fara sparlega með vatn, og áfram gilti sú krafa að sjóða neysluvatn þar til sýnatökur staðfestu ásættanleg gæði. Framkvæmdir gengu vel þrátt fyrir nokkrar tafir. Gömlu lagnirnar voru rifnar út og allt þrifið með háþrýstidælu, bæði tankur og lagnarými. Þegar leið á veturinn lét hann loksins sjá sig og skyndilega var vatnsveitan í rekstri á framhjáhlaupi undir berum himni og frost komið niður í -15°C. Því var ákveðið að slá frekari úrbótum á frest til að stofna rekstrinum ekki í hættu vegna frosthörku. Nýtt lagnakerfi var sett upp, nýjar síur og nýtt gegnumlýsingartæki var sett upp og tankurinn fylltur að lokum.

Þann 27. nóvember var suðukröfu aflétt eftir að niðurstöður sýnatöku staðfestu að gæðakröfum hefði verið náð. Í desember lauk hreinsun og frágangi á vatnstankinum, og með þessum aðgerðum tókst að tryggja hreint neysluvatn fyrir íbúa Hallormsstaðar og ætti það að gilda til frambúðar. Eins og fyrr segir stendur enn til í að fara í einhverjar úrbætur en það bíður betri tíma.

# Fljótsdalshérað

## HITAVEITA

### Jarðhitaleit í Eiðaþinghá

Samningaviðræður við landeigendur stóðu yfir á árinu.  Niðurstaða liggur ekki fyrir.

---

### Varmadæla Brúarás

Eftir fyrsta heila árið í rekstri varmadælunnar í Brúarási hefur safnast dýrmæt reynsla um virkni og stöðugleika kerfisins. Frá upphafi reyndust borholurnar tvær ekki nægjanlega afkastamiklar til að anna bæði varmadælunni og neysluvatnsþörfinni. Vegna þessa telur félagið að hægt sé að ná meiri nýtingu úr varmadælunni með meira, og mögulega heitara vatni.

Straumhvörf urðu þegar félagið tók formlega, við rekstri dælunnar og tengdi hana við stjórnkerfi veitunnar. Með því varð mögulegt að stjórna og stilla dæluna af meiri nákvæmni og sjá stöðuna í rauntíma. Með þessum aðgerðum hefur kerfið náð hámarks ávinningi miðað við það vatnsmagn sem er tiltækt í dag.

Í ágúst 2024 gaf önnur borholudælan sig og var skipt um hana.



# Fljótsdalshérað

## HITAVEITA

Tímasetningin var hentug vegna útihita og að ekki var starfsemi í skólanum og hafði bilunin því ekki teljandi áhrif. Síðan þá hefur reksturinn gengið hnökralaust.

Ljóst er að varmadælan hefur lækkað raforkureikning vegna kyndingar húsa á torfunni og mun að einhverjum árum liðnum borga sig, þó fjárfestingin sé mikil.





# 6

## Ársreikningur 2024

# Efnisyfirlit

1. Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra ..................... 46
2. Áritun óháðs endurskoðanda ..... 47
3. Rekstrarreikningur ........................ 49
4. Efnahagsreikningur ...................... 50
5. Sjóðstreymisyfirlit ......................... 52
6. Skýringar ......................................... 54

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

HEF veitur er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í sveitarfélaginu Múlaþingi ásamt uppbyggingu á gagnaveitu í dreifbýli.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri HEF veitna ehf. á árinu sem nam 254 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 3.300 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 2.260 millj. kr. í árslok og er eiginfjárhlutfall félagsins 68,5%.

Í árslok 2024 nam hlutafé félagsins 582 millj. kr. og breyttist ekki á milli ára. Allt hlutafé er í eigu sveitarfélagsins Múlaþings, kt. 660220-1350 eins og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra HEF veitna ehf. eru reikningsskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2024 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri HEF veitna ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Múlaþingi, 11. mars 2025



# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og eigenda HEF veitna ehf.

### Áritun um endurskoðun ársreikningsins

#### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning HEF veitna ehf. („félagið") fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 2025

***KPMG ehf.***



# Rekstrarreikningur árið 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Sala á heitu vatni | | 266.844.578 | 232.257.616 |
| Sala á köldu vatni | | 19.248.553 | 36.269.327 |
| Álögð vatnsgjöld | | 160.480.051 | 151.998.913 |
| Álögð fráveitugjöld | | 319.382.947 | 277.738.737 |
| Aðrar tekjur | | 75.530.645 | 61.424.989 |
| | | 841.486.774 | 759.689.582 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launtengd gjöld | 4 | 142.536.028 | 103.518.242 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | | 13.446.169 | 0 |
| Rekstur veitukerfa | | 162.385.285 | 141.288.748 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 55.820.653 | 41.763.524 |
| | | 374.188.135 | 286.570.514 |
| Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 467.298.639 | 473.119.068 |
| Afskriftir | 7 | ( 136.015.115 ) | (117.306.801 ) |
| Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 331.283.524 | 355.812.267 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 5 | ( 59.599.898 ) | (54.353.605 ) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 271.683.626 | 301.458.662 |
| Tekjuskattur ársins | 12 | ( 17.930.871 ) | (17.339.980 ) |
| **Hagnaður ársins** | 10 | 253.752.755 | 284.118.682 |

# Efnahagsreikningur
## Eignir

| | Skýr. | **2024** | **2023** |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Vatnsréttindi | 6 | 6.531.099 | 6.835.773 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Vatnsveitukerfi | | 742.437.616 | 646.980.231 |
| Fráveitukerfi | | 721.612.946 | 655.683.246 |
| Borholur og dreifikerfi hitaveitu | | 1.330.329.765 | 1.329.390.135 |
| Kyndistöð, áhöld og búnaður | | 77.471.485 | 66.128.669 |
| Gagnaveita | | 284.031.749 | 284.020.407 |
| Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu | | 30.360.711 | 33.140.331 |
| | 7 | 3.186.244.272 | 3.015.343.019 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður vegna Brúar lífeyrissjóðs | 16 | 12.874.899 | 13.517.771 |
| | | 12.874.899 | 13.517.771 |
| Fastafjármunir | | 3.205.650.270 | 3.035.696.563 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Viðskiptakröfur | 9 | 66.614.354 | 70.062.907 |
| Kröfur á tengdan aðila vegna innheimtu tekna og styrkja | | 19.261.739 | 24.403.666 |
| Aðrar viðskiptakröfur | | 4.208.990 | 9.877.631 |
| Handbært fé | 2k | 3.951.271 | 2.140.213 |
| Veltufjármunir | | 94.036.354 | 106.484.417 |
| **Eignir samtals** | | 3.299.686.624 | 3.142.180.980 |

# 31. desember 2024
## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 582.393.208 | 582.393.208 |
| Lögbundinn varasjóður | | 134.158.160 | 121.467.955 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.543.117.892 | 1.302.055.343 |
| Eigið fé | 10 | 2.259.669.260 | 2.005.916.506 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 11 | 12.018.289 | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 12 | 49.195.553 | 35.549.359 |
| | | 61.213.842 | 35.549.359 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Skuldir við lánadrottna | 13 | 467.225.165 | 527.203.905 |
| Leiguskuldir | 14 | 10.419.937 | 15.312.954 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 15 | 288.341.215 | 256.253.710 |
| | | 765.986.317 | 798.770.569 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 56.015.362 | 124.455.781 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 13 | 56.587.407 | 56.643.828 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 14 | 5.623.722 | 20.827.099 |
| Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna | 15 | 9.234.717 | 8.291.952 |
| Viðskiptaskuldir | | 52.928.751 | 55.550.303 |
| Skattar ársins | 12 | 4.284.677 | 11.894.775 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 28.142.569 | 24.280.808 |
| | | 212.817.205 | 301.944.546 |
| Skuldir samtals | | 1.040.017.364 | 1.136.264.474 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.299.686.624 | 3.142.180.980 |

# Sjóðstreymisyfirlit

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður ársins samkvæmt rekstrarreikningi .................... | 10 | 253.752.755 | 284.118.682 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir ............................................................................. | 7 | 136.015.115 | 117.306.801 |
| Verðbætur og gengismunur ............................................. | | ( 2.559.931 ) | 8.817.596 |
| (Söluhagnaður) sölutap varanlegra rekstrarfjármuna .... | | ( 260.000 ) | 8.532 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting .......................................... | 11 | 13.446.169 | 0 |
| Tekjuskattskuldbinding, breyting ..................................... | | 13.646.194 | 5.292.116 |
| Veltufé frá rekstri | | 414.040.302 | 415.543.727 |
| | | | |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) ............................... | | 9.117.194 | (20.923.278 ) |
| Skammtímaskuldir, lækkun ............................................... | | ( 6.369.889 ) | (29.040.782 ) |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting ................................ | | 33.030.270 | 63.972.744 |
| Tengdir aðilar, breyting ...................................................... | | 5.141.927 | 56.052.348 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting .............................. | | 642.872 | 642.872 |
| Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar ............................. | | ( 1.427.880 ) | 0 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 40.134.494 | 70.703.904 |
| | | | |
| Handbært fé frá rekstri | | 454.174.796 | 486.247.631 |

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfestingar í hitaveitu | | ( 138.709.439 ) | (332.636.825 ) |
| Styrkir vegna fjárfestinga í hitaveitu | | 69.157.876 | 0 |
| Fjárfestingar í vatnsveitu | | ( 122.284.081 ) | (72.021.292 ) |
| Fjárfestingar í fráveitu | | ( 143.296.394 ) | (117.094.747 ) |
| Styrkir vegna fjárfestinga í fráveitu | | 35.686.638 | 37.552.513 |
| Fjárfestingar í gagnaveita | | ( 7.406.294 ) | (23.762.275 ) |
| Fyrirframinnheimtir styrkir vegna fráveitu | | 0 | (13.812.701 ) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 500.000 | 8.870.968 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 7 | ( 306.351.694 ) | (512.904.359 ) |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | ( 68.440.419 ) | 119.432.175 |
| Afborganir langtímalána | | ( 56.744.525 ) | (55.484.832 ) |
| Afborganir leiguskulda | | ( 20.827.100 ) | (37.136.067 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 146.012.044 ) | 26.811.276 |
| | | | |
| **Breyting á handbæru fé** | | 1.811.058 | 154.548 |
| | | | |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 2.140.213 | 1.985.665 |
| | | | |
| **Handbært fé í árslok** | | 3.951.271 | 2.140.213 |
| | | | |
| **Aðrar upplýsingar:** | | | |
| Greiddur fjármagnskostnaður | | 61.446.725 | 44.172.212 |

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur HEF veitna ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 2. mikilvægar reikningsskilagerðir

### a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vatni eru færðar í rekstarreikningi við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstarreikningi við afhneingu vöru og þjónustu til kaupanda.

### b. Færslur gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og genisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

### e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eþgnir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

### f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna

þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Stofnæðar og dreifikerfi hitaveitu ........ 25-40 ár
Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir. Borholur hitaveitu ........ 25 ár
Borholur hitaveitu ........ 20-33 ár
Vatnsveitukerfi ........ 25-40 ár
Fráveitukerfi ........ 25 ár
Bifreiðar, áhöld og búnaður ........ 3-5 ár

### g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Hreinsivirkifráveitu........20ár

### h. Tekjuskattsskuldbinding

Hitaveituhluti félagsins fellur undir tekjuskattskylda starfsemi samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 en vatnsveitu- og fráveitustarfsemi undanbegin.

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærös verös eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsdegi.

### i. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

### j. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur

er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### k. Handbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

## 3. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Hitaveita:** | | |
| Mælaleiga (fastagjöld) | 34.803.888 | 31.560.744 |
| Tengigjöld | 6.745.905 | 5.771.104 |
| Húsaleiga | 3.551.360 | 3.455.299 |
| Annað | 565.913 | 1.448.546 |
| | 45.667.066 | 42.235.693 |
| **Vatnsveita:** | | |
| Mælaleiga (fastagjöld) | 2.288.593 | 2.656.371 |
| Tengigjöld | 7.322.300 | 1.086.900 |
| Seld vinna og efni | 484.047 | 0 |
| | 10.094.940 | 3.743.271 |
| **Fráveita:** | | |
| Tengigjöld | 4.087.561 | 2.668.561 |
| | 4.087.561 | 2.668.561 |
| **Gagnaveita:** | | |
| Mánaðargjöld heimtauga | 13.102.854 | 10.156.430 |
| Tengigjöld | 1.530.984 | 1.375.784 |
| Annað | 1.047.240 | 1.245.250 |
| | 15.681.078 | 12.777.464 |
| Aðrar tekjur samtals | 75.530.645 | 61.424.989 |

## 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Laun | 147.802.115 | 112.440.226 |
| Launatengd gjöld | 35.561.788 | 27.351.055 |
| Áunnið orlof, breyting | 1.342.110 | 4.026.739 |
| Lotun fyrirframgreidds kostnaðar vegna Brúar | 642.872 | 642.872 |
| | 185.348.885 | 144.460.892 |
| Eignfærð laun | (42.812.857) | (40.942.650 ) |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 142.536.028 | 103.518.242 |
| | | |
| Fjöldi starfsmanna í lok árs | 13 | 9 |
| Fjöldi ársverka | 12,0 | 8,0 |
| Laun stjórnar og framkvæmdastjóra | 29.968.716 | 28.533.148 |

## 5. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | 1.401.662 | 823.855 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | (68.326.734) | (57.177.622) |
| Gengismunur | 7.325.174 | 2.000.162 |
| Hrein fjármagnsgjöld | (59.599.898) | (54.353.605) |

## 6. Óefnislegar eignir

Á eignalið innvatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 40-50 árum.Þessi liður greinist þannig:

| | Vatnsréttindi hitaveitu | Vatnsréttindi vatnsveitu | Samtals |
|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1. 1. 2024 | 710.773 | 6.125.000 | 6.835.773 |
| Afskrifað á árinu | (54.674 ) | (250.000 ) | (304.674 ) |
| Bókfært verð 31. 12. 2024 | 656.099 | 5.875.000 | 6.531.099 |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

| | Borholur, dreifikerfi og aðrar eignir | Vatnsveitukerfi | Fráveitukerfi | Gagnaveitukerfi | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1. 1. 2024 | 2.423.082.717 | 1.009.136.397 | 1.129.885.456 | 294.500.323 | 4.856.604.893 |
| Afskrifað áður | (1.027.563.913 ) | (362.156.166 ) | (474.202.210 ) | (10.479.916 ) | (1.874.402.205 ) |
| Bókfært verð 1. 1. 2024 | 1.395.518.804 | 646.980.231 | 655.683.246 | 284.020.407 | 2.982.202.688 |
| Viðbót á árinu | 54.677.538 | 137.158.106 | 107.609.756 | 7.406.294 | 306.851.694 |
| Endurflokkun | 14.874.025 | (14.874.025 ) | 0 | 0 | 0 |
| Selt á árinu | (2.400.000 ) | 0 | 0 | 0 | (2.400.000 ) |
| Afskrifað á árinu | (57.029.117 ) | (26.826.696 ) | (41.680.056 ) | (7.394.952 ) | (132.930.821 ) |
| Afskrift færð út | 2.160.000 | 0 | 0 | 0 | 2.160.000 |
| Bókfært verð 31. 12. 2024 | 1.407.801.250 | 742.437.616 | 721.612.946 | 284.031.749 | 3.155.883.561 |
| | | | | | |
| Heildarverð 31. 12. 2024 | 2.490.234.280 | 1.131.420.478 | 1.237.495.212 | 301.906.617 | 5.161.056.587 |
| Afskrifað samtals | (1.082.433.030 ) | (388.982.862 ) | (515.882.266 ) | (17.874.868 ) | (2.005.173.026 ) |
| Bókfært verð 31. 12. 2024 | 1.407.801.250 | 742.437.616 | 721.612.946 | 284.031.749 | 3.155.883.561 |
| | | | | | |
| Afskriftahlutföll | 4-33% | 2,5-4% | 2,5-4% | 4% | |
| Áætlaður nýtingartími | 3-25 ár | 25-40 ár | 25-40 ár | 25 ár | |

Leigðar eignir (hreinsivirki fráveitu) greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Bókfært verð í upphafi árs | 33.140.331 |
| Afskrifað á árinu | (2.779.620 ) |
| Bókfært verð í lok árs | 30.360.711 |
| Afskriftarhlutföll | 5% |

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita | 57.029.117 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita | 26.826.696 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita | 41.680.056 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, gagnaveita | 7.394.952 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigueignir | 2.779.620 |
| Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 6 | 304.674 |
| Fært í rekstrarreikning | 136.015.115 |

## 8. Eignarhlutir í öðrum félögum

| | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skógarorka ehf. (óveruleg starfsemi) | 44,8% | 9.000.000 | 0 |

## 9. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 1.401.662 | 823.855 |
| Afskrifað á árinu | (68.326.734) | (57.177.622) |
| Breyting á niðurfærslu ársins | 7.325.174 | 2.000.162 |
| Niðurfærsla í lok árs | (59.599.898) | (54.353.605) |

## 10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 31. 12. 2023 | 582.393.208 | 121.467.955 | 1.302.055.343 | 2.005.916.506 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | 0 | 12.690.205 | (12.690.205 ) | 0 |
| Hagnaður ársins | 0 | 0 | 253.752.755 | 253.752.755 |
| Eigið fé 31. 12. 2024 | 582.393.208 | 134.158.160 | 1.543.117.892 | 2.259.669.260 |

## 11. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda fyrrum starfsmanna félagsins. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Uppgjör vegna lífeyrisskuldbindingar Brúar í ársbyrjun | 11.776.218 |
| Framlag vegna lífeyrisgreiðslna | (1.427.880 ) |
| Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu | 1.669.951 |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok 2024 | 12.018.289 |

Núvirði áætlaðs framlags vegna lífeyrisgreiðslna greinist þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árin 2025-2029 | 5.331.716 |
| Árin 2030-2034 | 3.714.845 |
| Árin 2035-2039 | 2.090.698 |
| Síðar | 881.030 |
| | 12.018.289 |

Í október 2023 ákvarðaði stjórn Brúar lífeyrissjóðs að viðbótarframlag yrði innheimt hjá launagreiðendum frá og með janúar 2024 vegna tiltekins hóps lífeyrisþega sem væri með tryggð réttindi hjá sjóðnum. Nemur þetta framlag 10% af mánaðarlegum lífeyri þessara aðila. Við þessa ákvörðun myndaðist skuldbinding HEF veitna ehf. gagnvart þessum hópi lífeyrisþega hjá A deild Brúar lífeyrissjóðs. Nam skuldbindingin 12,0 millj. kr. í árslok 2024 og er hún gjaldfærði í rekstrarreikningi.

## 12. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 35.549.359 |
| Reiknaður tekjuskattur | 17.930.871 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025 vegna ársins 2024 | (4.284.677) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok árs | 49.195.553 |

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 52.121.426 |
| Viðskiptakröfur | (3.681.198) |
| Frestaður gengishagnaður | 755.325 |
| | 49.195.553 |

## 13. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

| | |
|---|---|
| Verðtryggð lán, vextir 5,69% á gjalddögum til 2030 | 78.087.651 |
| Óverðtryggð lán, vextir 10,46%-11,35% á gjalddögum til 2038 | 288.220.230 |
| Gengistryggð lán, vextir 0,35%-5,42% á gjalddögum til 2032 | 157.504.691 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 523.812.572 |
| Næsta árs afborganir | (56.587.407 ) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals | 467.225.165 |

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2024.
Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | Skuldir í ísl. krónum | Skuldir í erl. gjaldmiðlum | Samtals |
|---|---|---|---|
| Árið 2025 | 36.899.321 | 19.688.086 | 56.587.407 |
| Árið 2026 | 37.355.703 | 19.688.086 | 57.043.789 |
| Árið 2027 | 37.838.363 | 19.688.086 | 57.526.449 |
| Árið 2028 | 38.348.822 | 19.688.086 | 58.036.908 |
| Árið 2029 | 38.888.667 | 19.688.086 | 58.576.753 |
| Síðar | 176.977.005 | 59.064.261 | 236.041.266 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 366.307.881 | 157.504.691 | 523.812.572 |

Óverðtryggt lán félagsins hjá Arion banka sem nemur 84,8 millj. kr. í árslok var framlengt í nóvember 2023 og er það í samræmi við ákvæði lánasamning sem kveður á um heimild til framlengja lánið til þriggja ára i senn allt til ársins 2035. Það er áætlun stjórnenda að viðhalda fjármögnuninni og eru því afborganir sett fram til samræmis.

## 14. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir er til skuldar.

| | |
|---|---|
| Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun | 16.043.659 |
| Næsta árs afborgun | (5.623.722 ) |
| Samtals langtímahluti leiguskulda | 10.419.937 |

Aðrir upplýsingar um leigusamninga:

| | Leigutími | Ávöxtunastuðull | Núvirtar afborganir alls |
|---|---|---|---|
| Hreinsivirki | 2003-2027 | 4,2% | 16.043.659 |

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Árið 2025 | 5.623.722 |
| Árið 2026 | 5.861.597 |
| Árið 2027 | 4.558.340 |
| Samtals | 16.043.659 |

Greiðslur vegna leigusamninga á árinu 2024 námu 19,7 millj. kr.

Samningur um hreinsivirki frá 2003 rann út á árinu 2023 og frá þeim tíma hefur félagið greitt mánarlegar greiðslur fyrir afnot af umræddri eign. Á árinu var greitt 15,7 millj kr. vegna samningsins. Greiðslan byggir á upphaflegum forsendum samningsins.

## 15. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur í lok tímabilsins námu 297,6 millj. kr. Sá hluti fyrirframinnheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á tímabilinu voru 9,8 millj. kr.

## 16. Fyrirframgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóðs eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2025 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

| | |
|---|---|
| Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun | 14.160.643 |
| Gjaldfært á árinu | (642.872 ) |
| Staða fyrirframgreiðslu í árslok | 13.517.771 |

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna | 642.872 |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 12.874.899 |
| Samtals í efnahagsreikningi | 13.517.771 |

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

| | |
|---|---|
| Framlag í lífeyrisaukasjóð | 553.544 |
| Framlag í varúðarsjóð | 89.328 |
| | 642.872 |

## 17. Önnur mál

### Málaferli

Á árinu 2020 stefndi fyrrverandi framkvæmdastjóri félaginu til greiðslu tæplega 29 millj. kr. vegna vangoldinna launa við starfslok hans á árinu 2019. Héraðsdómur Austurlands kvað upp dóm sinn 26. júlí 2023. Félagið var dæmt til að greiða stefnanda tæpa 1 millj. kr. með dráttarvöxtum og 0,9 millj. kr. í málskostnað. Stefnandi áfrýjaði niðurstöðunni til Landsréttar í kjölfarið. Félagið lagði gagnáfrýjunargögn í Landsrétt í byrjun nóvember 2023 og var málið flutt í Landsrétti 20. febrúar 2025. Vænta má dóms á vordögum 2025.

### Nýr starfsþáttur

Í byrjun árs 2025 keypti félagið eignir og yfirtók rekstur fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar af RARIK ohf. Yfirtaka miðast við 1. janúar 2025. Við kaupin bættist við fimmti starfsþátturinn í starfsemi félagsins, en fyrir rekur félagið hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu.

## 18. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

### a. Yfirlit

“Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjáráhætta
- Markaðsáhætta.”

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

### b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

#### Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af  fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

### c. Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2025 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

### d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

#### Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

#### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 157,5 millj. kr. (2023: 185,2). Hluti varanlegra rekstrarfjármuna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP. Miðað við samsetningu lána í árslok hefði 10% veiking krónunnar um 15,7 millj. kr. áhrif á rekstrarreikning án tekjuskattsáhrifa.

## 19. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

| 2024 | Hitaveita | Vatnsveita | Fráveita | Gagnaveita | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 312.511.644 | 189.750.093 | 323.543.959 | 15.681.078 | 841.486.774 |
| Rekstrargjöld án afskrifta | 133.037.990 | 77.649.132 | 156.964.183 | 6.536.830 | 374.188.135 |
| Hagnaður EBITDA | 179.473.654 | 112.100.961 | 166.579.776 | 9.144.248 | 467.298.639 |
| Afskriftir | (57.083.791) | (27.076.696) | (44.459.676) | (7.394.952) | (136.015.115) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (47.293.766) | (10.243.189) | (2.062.943) | 0 | (59.599.898) |
| Tekjuskattur | (17.930.871) | 0 | 0 | 0 | (17.930.871) |
| Hagnaður ársins | 57.165.226 | 74.781.076 | 120.057.157 | 1.749.296 | 253.752.755 |
| Eignir starfsþátta | 1.762.041.554 | 894.180.837 | 757.026.948 | 284.031.749 | 3.697.281.088 |
| Skuldir starfsþátta | 937.195.327 | 194.593.018 | 24.646.955 | 281.176.528 | 1.437.611.828 |
| Eigið fé starfsþátta | 824.846.228 | 699.587.819 | 732.379.993 | 2.855.221 | 2.259.669.261 |
| Veltufé frá rekstri | 139.800.156 | 99.848.360 | 165.247.538 | 9.144.248 | 414.040.302 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (69.051.563) | (122.284.081) | (107.609.756) | (7.406.294) | (306.351.694) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (108.141.084) | 23.375.832 | (57.159.822) | (4.086.970) | (146.012.044) |

| 2023 | Hitaveita | Vatnsveita | Fráveita | Gagnaveita | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 274.493.309 | 192.011.511 | 280.407.298 | 12.777.464 | 759.689.582 |
| Rekstrargjöld án afskrifta | 108.152.855 | 56.897.130 | 117.568.389 | 3.952.140 | 286.570.514 |
| Hagnaður EBITDA | 166.340.454 | 135.114.381 | 162.838.909 | 8.825.324 | 473.119.068 |
| Afskriftir | (44.387.239) | (24.884.268) | (41.107.270) | (6.928.024) | (117.306.801) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (37.225.490) | (11.098.033) | (6.030.082) | 0 | (54.353.605) |
| Tekjuskattur | (17.339.980) | 0 | 0 | 0 | (17.339.980) |
| Hagnaður ársins | 67.387.745 | 99.132.080 | 115.701.557 | 1.897.300 | 284.118.682 |
| Eignir starfsþátta | 1.798.271.118 | 839.759.261 | 688.823.577 | 284.020.407 | 3.610.874.363 |
| Skuldir starfsþátta | 1.030.590.116 | 214.952.518 | 76.500.741 | 282.914.482 | 1.604.957.857 |
| Eigið fé starfsþátta | 767.681.002 | 624.806.743 | 612.322.836 | 1.105.925 | 2.005.916.506 |
| Veltufé frá rekstri | 121.410.593 | 124.852.730 | 160.455.080 | 8.825.324 | 415.543.727 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (323.765.857) | (72.021.292) | (93.354.935) | (23.762.275) | (512.904.359) |
| Fjármögnunarhreyfingar | 156.005.738 | (66.096.813) | (66.622.184) | 3.524.535 | 26.811.276 |

HAGNAÐUR
**254** m.kr.

REKSTRARHAGNAÐUR
**467** m.kr.

EBITDA
**56** %

EIGNIR
**3.300** m.kr.

EIGNARHLUTFALL
**68** %

FJÁRFESTING ÁRSINS
**306** m.kr.

HANDBÆRT FÉ
**454** m.kr.

Útgefandi: HEF veitur ehf.
Fellabrún 1, 700 Egilsstaðir
Sími 4 700 780
hef@hef.is - www.hef.is
Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdarstjóri
Efnisöflun: Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnisstjóri

Hönnun: Unnar Erlingsson
Prentun: Héraðsprent



HEF veitur ehf. | Fellabrún 1 | 700 Egilsstaðir | Sími 4 700 780 | hef@hef.is | www.hef.is